

Nettímarit

Troðningur

34 töl. 22 Janúar 2013 - ISSN 1670-8776 - Útgefandi: Guðmundur R Lúðvíksson, myndlistamaður



Meðal efnis;

- * Racism
- * Alþýðulista konurnar
- * Þóra og Helga
- * Ólafur Elíasson
- * eða Eggert Pétursson ?
- * LP albúm
- * Nokkur Íslensk verk
- * Fróðleikur
- * Vissir þú að
- * Vídeó list
- * Naked Art
- * Þjóðsögur
- * This is no game

Forsíðumynd:

"Take of flying hero" eftir Guðmund R Lúðvíksson


ICELANDIC
ART MAGAZINE



Racist / Rasistmi í listum og dulbúningi

Racist eða rasistmi er hugtak yfir ákveðna fordóma og lítillækkun. Hann birtist í ýmsum myndum bæði í hegðun, umgengni og ekki síst í allskonar skilaboðum og myndmáli. Svo rammt getur þetta orðið að við hreinlega tökum ekki eftir þessu og verðum einhvernvegin samdauna og tökum þátt í þessu ógeðfella fyrirbrygði. Rasistmi smeigir sig inn í öll from, ljóðlist, bókmenntir, myndlist, fréttablutning, barnabækur, klæðnað og nánast um allt. Margir eru þó sem benda á þennan "fjanda" og til er réttlátt fólk sem lítur ekki á sig sem yfir annað hafið. Á einfaldan hátt er hægt að segja um þetta að á ferðinni sé fáfræði og fordómar.

**I'M NOT RACIST
I ONLY HATE
WHITE PEOPLE**





THE NEW SMART SET



OWNER

A SURE WINNER

Racist / Rasistmi í listum og dulbúningi



Kvenfyrirlitning kemur fram í ýmsum myndum og hegðunum.



Hér er sænski menningamálaráðherra Lena Adelsohn að fá sér kökusneið



Algeng sjón í Bandaríkjunum um 1960.



Myndlistamenn hafa deilt á racismann með margskonar verkum.



Póstkort frá Rússlandi með dulbúnum skilaboðum.



Verk eftir listamanninn Craig Norton.

The original purpose of gun control:
to protect the Klansmen from their victims.




Gun Control is Racist.


LP albúm

LP albúm.

Til langs tíma eða fyrir geisladisksins voru hljómplötuúmslög vetvangur til listrænnrar sköpunar bæði fyrir grafíkera og myndlistamenn.

Töluvert var lagt í hugmyndir og gerð umslagnanna. Til eru mörg hreint frábær Íslensk plötuúmslög og væri skemmtilegt ef einthver safnið eða galleríið tæki sig til og gerði þessu tímabili skil.





Alþýðulist / Myndskreytingar

Í bókasafninu í Keflavík hanga uppi nokkrar myndir eftir tvær alþýðulistakonur, Þóru Jónsdóttir og Helgu Ingólfssdóttir. Troðningur veitti þessum verkum athygli og ákvað að kanna málið aðeins nánar. Í ljós kom að hér er um samvinnuverkefni þessara tveggja kvenna að ræða. Þóra málar myndirnar en Helga gerir litla skúlptúra sem síðan eru settir inn á myndirnar.

Öll verkin eru í myndskreytingar við Íslenskar þjóðsögur.

Með verkunum hanga uppi textar með þessar sögum gestum til ánægju og glöggvunar.

Verkin eru bæði í senn í anda alþýðulistar og ákaflega barnslega heiðarleg, þar sem ekkert er látið skína í þjatur né ofurtækni. Verkin segja einfaldlega þessar sögur og staðhætti eins og þær sjá þær fyrir sér. Troðning fynnst ákaflega gaman að rekast á svona óvænta og í raun faldar sýningar sem láta lítið fyrir sér fara.



Listamennirnir



Þóra Jónsdóttir er fædd 8. júní 1933 í Reykjavík. Þar bjó hún til 22j ára aldurs en þá fluttist hún til Njarðvíkur.



Helga Ingólfssdóttir er fædd 28. september 1946 og ólst upp á Siglufirði, Ólafsfirði og Fljótunum en býr í dag í Keflavík.

Þær hafa báðar haldið einkasýningar og sýnt víða saman síðan árið 2000.



Ólafur Elíasson eða Eggert Pétursson ?

Svo virðist sem Ólafi Elíassyni sé eignað verk Eggert Péturssonar á þessari fréttasíðu, sem Troðningur rakst á ?

<http://www.apartmenttherapy.com/events-calendar-080608new-york-58208>



Olafur Eliasson at Scandinavia House

From Another Shore: Recent Icelandic Art • Includes sculpture, installation, painting, photography, and videos by 20 of Iceland's most acclaimed artists. • Through August 15th • Scandinavia House, 58 Park Avenue at 38th Street, 212.879.9779

Home Delivery: Fabricating the Modern Dwelling

- Five Architecture firms have built prefab homes in the parking lot next to the MoMa. Inside, prefab projects spanning the past 180 years fill the galleries.
- Through October 20
- Museum of Modern Art, 11 West 53rd St.; 212.708.9400



Nokkur verk úr Íslenskri myndlist fengin af netinu.


Frá ýmsum stöðum og uppákomum á tónlistarferlinum. Allt frá því að vera unglingur í lúðrasveit barnaskólans í að spila með hámenntuðum klassískum kontra bassa leikara úr sinfóníu Íslands á "Balabassa".

Allsstaðar sem fram var komið var einnig á dagskrá aldrei færri en 20 frumsamin lög. Þá skipti engu hvort maður var að spila og koma fram á pöbbum.

Eftir standa yfir 160 frumsamin lög, 15 útgefnir titlar og endalaus spilamennska um allt land.



Fróðleikur.



Hvað er gullinsnið?

Hvað er gullinsnið, til hvers er það notað, hver fann það upp og hvers vegna eru ýmis líffæri í mannlíkamanum í sömu hlutföllum og það?

Gullinsnið er hlutfall, nánar tiltekið hlutfallið $12+5\sqrt{2}:1$ sem er um það bil $1,618 : 1$.

Gullinsnið kemur oftast fyrir sem hlutfall hliðarlengda í rétthyrningum.

Rétthyrningur með þetta hlutfall hliðarlengda er líka sagður vera gullinn rétthyrningur. Það má lýsa því að rétthyrningur sé gullinn rúmfræðilega á eftirfarandi hátt:

Klippum af rétthyrningnum ferning sem hefur sömu hliðarlengd og styttri hlið rétthyrningsins. Ef rétthyrningurinn, sem eftir verður, er eins í laginu og upphaflegi rétthyrningurinn, þá var upphaflegi rétthyrningurinn gullinn (og sá sem eftir er þá líka).

Gullnir rétthyrningar koma stundum fyrir í listum eins og í myndlist og byggingarlist.

Ástæðan er að gullnir rétthyrningar eru af ýmsum taldir vera fallegustu rétthyrningarnir - ekki of stuttir miðað við breidd og ekki of mjóir miðað við lengd.

Sagt er að Pýþagóras hafi uppgötvað gullinsniðið. Einnig er sagt að Forngríkkir hafi notað það í byggingum sínum. En í raun er ekki vitað um það með vissu. Það hefur að vísu verið bent á gullna rétthyrninga í forngrískum byggingum eins og Parþenon. En þegar mælt er kemur í ljós að þessir rétthyrningar eru í raun töluvert frá því að vera gullnir.

Við könnumst ekki við að líffæri í mannlíkamanum séu í þessu hlutfalli. En það eru þó til myndir eftir Leonardó da Vinci þar sem ákveðin hlutföll í mannlíkamanum eru látin vera gullinsnið. En í raun eru þessi hlutföll töluvert mismunandi milli manna. Og svo eru að sjálfsögðu mörg hlutföll í líkamanum sem eru langt frá því að vera gullinsnið.



NO girls
allowed


Vísindavefurinn

Hvað er heimurinn stór í metrum?


Svar

Um stærð heimsins hefur nokkrum sinnum verið fjallað á Vísindavefnum, til dæmis í svari við spurningunni: Hvar endar alheimurinn og hvað er hann stór? Þar kemur ýmislegt fram um stærð alheimsins. Meðal annars það að alheimurinn getur bæði verið endanlegur og endalaus.

Af því leiðir að lítið er hægt að segja um stærð hans, hvað þá af einhverri nákvæmni. Við bendum lesendum á að kynna sér svarið sem bent var á og eins er gagnlegt fyrir fróðleiksfúsa að lesa svarið við spurningunni Ef maður fer eftir beinni línu frá jörðu út í geiminn nógu lengi, endar maður þá aftur á jörðinni?



Jörðin er um 40.000 km að ummáli. Annars er einnig hugsanlegt að spyrjandi vilji vita um stærð jarðarinnar en því eru auðveldara að svara. Metrinn sem við notum sem lengdareiningu var einmitt skilgreindur þannig í frönsku stjórnarbyltingunni að vegalengdin frá miðbaug til heimskauts væri sem næst 10.000 km eða 10 milljónir metra. Ef við færum til norðurs frá Íslandi til Norðurpólsins, síðan beint af augum til suðurs til Suðurpólsins og þaðan hingað heim aftur, þá yrði vegalengdin þess vegna sem næst 40.000 km. En ef við værum í staðinn kringum jörðina eftir miðbaug yrði það nokkru lengra af því að jörðin er ekki alveg kúlulaga, heldur bungar hún svolítið út við miðbaug.



"This no game" G R Lúðvíksson



AF ILLUGA SMÍÐ

Tveir smiðir voru samtíða í Biskupstungum sem báru langt af öðrum í þeirri íþrótt. Annar var Eiríkur Melkjörsson bóndi á Bergsstöðum. Hann smíðaði mynd eftir sólkerfinu, en deyði áður en hann hafði fullgjört gangverk það sem átti að koma öllu á rás. Hinn var Illhugi bóndi á Drumboddsstöðum. Hann var manna hagastur á járn, en þó einkum tré. Hann brúkaði aldrei hefil, en felldi allt saman með smíðaöxinni.

Einu sinni var hann nótt á bæ og þar var þá líka lærður sniðkari. Þeir voru beðnir að smíða mjólkurtrog um kvöldið um vökuna. Illhugi hafði engin tól nema öxi sína og nafar. Sniðkarinn hafði öll þau tól sem síður er að brúka. Þeir kepptust og varð sniðkarinn litlu fyrri. Síðan var vatni hellt í trogin og lak trog sniðkarans, en Illhuga trog hélt.

Illhugi var fenginn til að smíða allt vandað smíði sem smíða þurfti í Skálholti. Er sagt hann hafði smíðað viðaraxir úr öxinni Rimmugýgi er Skarphéðinn átti. Hafði hún seinast verið brúkuð fyrir réttunaröxi í Skálholti. Sumir segja Illhugi hafi gjört úr henni tólf axir, aðrir segja þær hafi verið færri og er það líklegt. Enn segja nokkrir að öxin hafi verið látin sigla héðan af landi seinast allra vopna.

Illhugi var einhvor mesti skipasmiður á sinni tíð, en mjög var hann efnisvandur og þótti sjá nokkuð fram í veginn. Einu sinni kom hann þar að sem menn voru að smíða skip. Þá sagði hann: "Ekki eruð þið efnisvandir að hafa vindeik í skipið."

Þeir gáfu því engan gaum. Það skip fauk og brotnaði í spón.

Einu sinni sem oftast var hann fenginn til að smíða skip og þegar honum var fengið kjalarefnið, sagði hann: "Þetta er blóðeik; ég vil ekki smíða skip úr því tré."

Þessu var ekki sinnt og varð hann að brúka tréð. Þá sagði hann: "Þetta skip verður manndrápsbolli, en við því skal ég gera að aldrei skal það af kjölum fara." Það skip klofnaði á sjó.

Illhugi sagðist ekki vita þann kirkjugarð á Íslandi sem hann vildi síður liggja í en á Stað í Grindavík, en það sagði hann mundi þó liggja fyrir sér. Og einu sinni var hann fenginn að smíða skip í Grindavík og sagðist hann gjöra það nauðugur.

Sagði hann þar til væri þrjár orsakir: hin fyrsta að skipið yrði manndrápsbolli; önnur að það yrði seinasta skipið sem hann smíðaði; hina þriðju sagði hann ekki. Þegar skipið var algjört tók hann sótt og dó og var grafinn á Stað. Spá hans sannaðist um skipið.

Son Illhuga var Jörundur faðir Þorsteins bónda á Brúnavallakoti, sem Gottsveinn Gottsveinsson skar á höndina, föður Einars á Mýrarhúsum (eða Pálshúsum) á S eltajarnarnesi og bræðra hans. Þeir eru nú vaxnir menn og smiðir miklir og svo voru þeir langfeðgar allir.

DANSKI KAPTEINNINN

Þegar Jónas Jónsson sá er síðast var prestur í Reykholti var prestur að Höfða í Höfðahverfi var þar eitt sinn grafið lík í kirkjugarðinum. Fundu þeir sem grófu, kistu heila; var hún járnslegin og í lögum sem venjulegar danskar gamlar fatakestur og hafði hún verið förfuð utan.

Sem þeir gjöra prest varan við fundinn gengur hann að og sér að svo er sem þeir segja. Skipar hann þeir brjóti kistuna og sem það var gjört sér hann að eins manns bein eru í kistunni og að maðurinn hefði verið tekinn sundur um mjaðmir og látinn svo í tveim hlutum í kistuna. Þykir honum þetta verið hafi venjubrigði og vill reyna að geta fengið vitneskju um hvað til þar og hver svo hafi þar grafinn verið. Tekur hann því rifbein úr kistunni og geymir þá grafið var.

Þegar hann leggst til svefns um kvöldið lætur hann bein þetta undir höfuð sér og sem hann sofnar dreymir hann að maður kemur til hans. Er hann á litklæðum og tigugliga búinn; ávarpar hann prest á gamalli dönsku og biður hann skili sér beininu. Prestur þykir spyrja hver hann væri og hvernig á hefði staðið greiftrun hans á þennan hátt.

Þykir honum hann segja sér að hann verið

hefði kaptein á skipi hingað frá Danmörku og dáið í hafi og hefðu skipverjar látið sig í fatakistu sína og flutt sig hingað upp og jarðað. Prestur þykist spyrja hvert ekki hafi fé verið lagt í jörð með honum.

Þókti honum hann þá verða nokkuð kynlegur í bragði og mæla: "Ég gat nú dulið það fyrir ykkur."

Síðan hvarf hann. En prestur stakk beininu í leiðið morguninn eftir.

DRAUGURINN Á FINNBOGASTÖÐUM

Ég hefi heyrt getið um ýmsar hæðir og hóla hér í sveitinni þar sem menn segja að "óhreint" sé í, og ætlaði líka að bera til muna á því með bæjarhólinn á Finnbogastöðum hér um bil fyrir fjörutíu árum síðan (hólinn sem bærinn stendur á), og er sú saga þannig: Bóndi hét Halldór og bjó fyrrum á Finnbogastöðum, en flutti sig þaðan búferlum að Reykjarfirði hér í sveit.

Meðan hann bjó á Finnbogastöðum þá drap hann einhverju sinni í bræði sinni smaladreng sem hjá hönum var og dysjaði hann í bæjarhólnum, og fóru litlar sögur um það hvernig drengurinn hefði dáið, með því ekki mun hafa verið ríkt gengið eftir slíkum smámunum í þá daga.

Mikið mörgum árum síðar þá er Magnús hreppstjóri Guðmundsson sem dó nú fyrir fjórum árum bjó á Finnbogastöðum þar svo við að hann byggði smiðjukofa rétt hjá bænum og stakk nokkra hnausa upp úr þessum hól sem strákurinn var dysjaður í. Varð þá móður hans sem var hjá hönum gömul og örvasa mjög bilt við þegar hún heyrði þessar tiltektir sonar síns, og sagði að eitthvað illt mundi af þessu fljóta því að hvergi hefði hann getað stungið hnaus í verri stað.

Nóttina næstu á eftir kom líka draugur til Magnúsar þar sem hann lá í rúmi sínu, og tók svo fast á fótum hans að hönum varð meint við og var hálfslasinn daginn eftir.

Nóttina næstu þar eftir kom draugurinn aftur til Magnúsar og var þá enn magnaðri; tók hann þá á lærum hans og víðar á hönum svo Magnús lagðist veikur eftir.

Næstu nóttina eftir þetta kom draugurinn enn til Magnúsar, tók fyrir hálsinn á hönum og var nærri búinn að kyrkja hann þar sem hann lá í rúmi sínu fyrir ofan konu sína. Lá hann lengi veikur eftir þetta og varð aldrei eins í málróm eftir þetta, því þegar hann talaði heyrðist eins og verið væri að smátaka fyrir háls hönum.


Þegar þessar þrjár nætur vóru liðnar og Magnús var lagztur veikur með ótta og skelfingu fór mönnum ekki að lítast á blikuna, en til allrar lukku var þar maður á heimilinu er Jón hét og kunni hann nokkuð frá sér að allra rómi.

Var hann þá beðinn að stökkva burt óvætti þessum, en hann var þess allfús að reyna það og kvað það mundi þó verða næsta örðugt. lét hann þá loka bænum, krossa allar hurðir og ætlaði sér svo að handsama drauginn og þjappa svo að hönum að hann léti bónda vera í friði.


En svo var draugurinn frá að Jón gat með engu móti handsamað hann; tók hann þá það ráð að hann opnaði glugga einn á baðstofunni og gat rekið drauginn þar út um, hljóp síðan út á eftir hönum og ætlaði þar að ráðast á hann, en svo var þá draugurinn orðinn hræddur við Jón að hann flýði undan og elti Jón hann út fyrir landamerki jarðarinnar og skildi þar með þeim. Hefur síðan ekki orðið vart við drauginn á Finnbogastöðum.

En það er frá draugnum að segja að hann hélt strax að Reykjarfirði þar sem afkomendur Halldórs gamla bjuggu þá, fór þar í fjós þá sömu nótt og drap þar eina kúna. Síðan hefur hann engan stórkostlegan skaða gjört af sér, en hefur þó til skamms tíma fylgt mönnum af þeirri ætt.

- Svona sagði bæði Magnús sál. og aðrir fleiri mér þessa sögu og má því geta nærri að hún sé sönn!!!



NAKED ART







Vissir þú...

Vissir þú þetta...

að þú veirir að þú ert að vaxa til u.þ.b. 30 ára aldurs?

að hnetur eru ein af mörgum uppistöðum í dýnamíti

að hákarl er eini fiskurinn sem getur blikkað með báðum augunum.

að það eru fleiri kjúklingar en manneskjur í heiminum.

að Winston Churchill fæddist á kvennaklósetti.

að köttur hefur 32 vöðva í hverju eyra.

að þegar þú hnerrar stöðvast mjög margt í líkama þínum, meira að segja hjartað þitt.

að ljóshætt fólk hefur fleiri hár en dökkhætt fólk.


að lengd fingranna segir til um hversu hratt neglurnar vaxa. Þessvegna vaxa neglurnar á löngutöng hraðast.

að Hitler var með innilokunarkennd. Lyfta í Arnarhreiðrinu var innréttuð með speglum, til að hún virtist stærri, fyrir Hitler.

að H.C Andersen var lesblindur.

að fullt nafn Barbie dúkkunnar er Barbara Millicent Roberts.

að Leonardo Da Vinci fann upp skærin.



Eru eða voru til íslenskir súrrealistar?



Þó að hugtakið súrrealismi nái yfir vítt svið og hann hafi látið að sér kveða í ýmsum greinum bókmennta og lista, svo sem ljóðum, kvikmyndum,

skáldsögum og haft áhrif einnig út fyrir þær, þar sem hann hefur meðal annars bæði þjóðfélagslega og siðferðilega skírskotun, þá er að sumu leyti auðveldara að festa á honum hendur og marka honum bás en ýmsum öðrum stefnum og straumum. Þetta kemur til af því að líta má á hann sem ákveðna hreyfingu sem á sér upphaf og endalok, stofnanda og forystu og síðast en ekki síst stefnuskrá – reyndar urðu þær tvær – þar sem markmið og aðferðir eru rækilega tíundaðar.

Orðið „súrrealismi“ mun fyrst hafa komið fram hjá skáldinu Apollinaire í undirtitli leikrits árið 1917, en formlega og opinberlega telst hann vera stofnaður á því Herrans ári 1924 er fyrri stefnuskráin birtist og tímaritið *La révolution surréaliste* hóf göngu sína. Höfundur stefnuskrá-rinnar og stofnandi hreyfingarinnar var franskur rithöfundurinn og skáldið André Breton sem stýrði henni með rögg sem bar keim af flokksaga, enda litu súrrealistar á sig öðrum þræði sem pólitíska hreyfingu. Sem byltingarsinnar töldu þeir sig lengstum eiga samleið með kommúnistaflokknum sem Breton var félagi í, en í rauninni bar of mikið á milli hinna harðsoðnu marxista og þeirra, þannig að menn urðu á endanum að velja á milli. Þegar svo hinar pólitísku línur tóku að skýrast og harðna á fjórða og fimmta áratugnum, leystist hreyfingin upp sem slík heima fyrir, en þá höfðu áhrif hennar borist til margra landa og gætir þeirra víða enn.

Enginn skyldi halda að stefnan hafi sprottið alsköpuð út úr höfði Bretons, því að hún átti sér nokkurn aðdraganda. Í sjálfu sér má líta á hana sem framhald af dadaismanum skammlífa, sem skaut upp kollinum í miðri fyrri heimstyrjöld árið 1915. Eins og hann felur súrrealisminn í sér mótmæli og

andsvar við því skipbroti vestrænnar borgarmenningar sem þar átti sér stað, en ólíkt hinum fyrrnefnda vildu súrrealistar ekki láta sitja við afneitun og niðurrif og snúast í hring, eins og Breton sakaði dadaista um að gera, heldur heldur vildu þeir leita leiða út úr ógöngunum sem stefndu til gagngerrar endurnýjunar menningar og mannlífs.

Þetta markmið er nánar útlistað í stefnuskránni og felst í því að létta af bælingu vitsmunalífsins á hvötum og kenndum og afmá mörkin milli draums og vöku, ímyndunar og veruleika, hlutlægs og huglægs og koma þannig á svonefndum „ofurveruleika“. Hér má auðvitað sjá áhrif frá sálkönnun Freuds og Jungs og kenningum þeirra um dulvitund sem birtist einkum í draumum og goðsögum. En hér kom einnig til kasta skáldskaparins, og í þeim efnum fann hann sér fyrirmyndir einkum hjá tveim skáldum á seinni hluta nítjándu aldar, þeim Lautréamont og Rimbaud, þar sem hinn fyrrnefndi hafði skilgreint fegurðina sem mót saumavélar og regnhlífar á skurðarborði og hinn síðarnefndi skáldskapinn sem leitina að hinu ókunna og boðað brenglun skilningarvitanna í þjónustu hans.

En meginaðferð súrrealista felst í hinni svonefndu „automation“ þar sem flæði hugsana og orða er veitt framrás án inngríps vitsmunanna. Þannig stefndu súrrealistar að því að víkka skynheim manna og sjóndeildarhring og losa þá úr viðjum vanabundins hugsunarháttar og niðurkoðnaðs sálarlífs.

En þess var vart að vænta að kenningar af þessu tagi, sprottnar upp úr jarðvegi borgarmenningar Vestur-Evrópu í skugga heimstyrjaldarinnar fyrri, ættu mikið erindi til nýfullvalda eyþjóðar sem fram að þessu hafði ekki verið tröllriðin af borgaralegum lífsháttum eða skynsemisdýrkun eins og landar Bretons, heldur lifði enn í góðu samneyti við fornar vættir og náttúrleg goðmögn. Engu að síður vildi svo til að einmitt á því merkisári 1924, í sama mund og André Breton sat suðrí Parísarborg við að sjóða saman stefnuskrá súrrealismans, var ungur Mosfellingur, Halldór frá Laxnesi, í óða önn að berja saman kvæði í anda þeirra nýstefna er hann hafði fengið pata af, meðan hann beið fleys og farareyris til að komast í andlega víkingu sunnar í álfunni. Eftir vetrarlanga vinnu ungskáldsins við skriftir og endurskriftir varð að lokum til kvæðið „Unglingurinn í skóginum“ sem löngum hefur verið tekið sem dæmi um

súrrealískt kvæði á íslensku.

Reyndar vildi höfundurinn sjálfur fyrst kenna það við expressíonisma, sem líta má á sem forboða súrrealismans, á þeim forsendum að expressíoniskum skáldskap „sé fremur ætlað að valda hughrifum fyrir hreims sakir og hljómrænnar notkunar orða en hins, að gefa einhverja eina efnislausn“. Þessi nafngift og skilgreining orkar nokkuð tvímælis í ljósi þess að expressíonismi felst fremur í því að tjá á áleitinn hátt sterk geðhrif andspænis hráum veruleika en að seiða fram á kliðmjúkan og hljómrænan hátt goðsögulega síðsumarsúð eins og gert er í kvæðinu. Slíkt leiðir fremur hugann að impressíonisma eða sýmbólisma og kallar fram tengsl við hið fræga kvæði Mallarmés, „Síðdegi skógargöðsins“.

En Halldór gerir reyndar bragarbót við skilgreiningu sína síðar, er hann kennir þennan samsetning sinn við súrrealisma í eftirmála Kvæðakversins frá 1949, enda hafi hann verið „snortinn af þessari stefnu“. Vissulega er það ekki út í hött, enda byrjar kvæðið á orðunum „Mig dreymdi...“ og endar á „...þá vaknaði ég“, og munu þá margir telja að ekki þurfi frekar vitnanna við um að súrrealismi sé þar á ferðinni, en kannski má líta á kvæðið, með öllum orðaleikjum sínum og málskrúðsbrellum, sem skopstælingu og þarf vitaskuld ekki að vera verra fyrir það.

En hvort sem „Unglingurinn í skóginum“ telst skopstæling eða alvörukvæði eða flokkast undir súrrealisma, expressíonisma, impressíonisma eða sýmbólisma, er eitt víst að ljóðið varð höfundu til lítills framdráttar og jafnvel dýrkeypt, þar sem hann var af hinu háa Alþingi sviptur styrk fyrir þessa afurð erfiðis síns, svo sem frægt er orðið. En kannski má nú gráta þessa styrksviptingu þurru tárur ef hún hefur stuðlað að því að skáldið sneri sér að öðrum verkefnum og trúlega þarfari landi og þjóð.

Súrrealismi og aðrar hliðstæðar kenningar urðu því að liggja óbættar hjá garði og náðu ekki landi á eyjunni hvítu fyrr en hér höfðu skapast til þess forsendur um miðja síðustu öld, en þá við lítinn fögnuð margra eyjarskeggja. Og þegar Sigfús Daðason segir í grein sinni „Til varnar skáldskapnum“ árið 1952 að „súrrealista höfum við engan átt nema

Halldór Kiljan Laxness“, hefði sá skarpskyggni maður mátt líta sér nær, því að þá hafði einn skáldbróðir hans, Hannes Sigfússon, þegar gefið út tvær ljóðabækur, Dymbilvöku 1949 og Imbrudaga 1951, sem hafa að geyma þann hreinræktaðasta súrrealisma sem hér hefur sést og þar sem lesandinn er staddur ýmist í kynjaskógi með kvikum trjám innan um þófamjúk rándýr sem læðast eða undir flögrandi maurildahjúpi hrapaðra glerstjarna og þar fram eftir götunum. Enda lýsir höfundurinn sig sjálfur súrrealista og kveðst hafa beitt þeirri aðferð að „fanga það sem í hugann kom án þess að hafa of mikil áhrif á hvað úr því yrði“. Og viðbrögð landans létu ekki á sér standa fremur en fyrri daginn þar sem ljóðabókin Dymbilvaka var af þá nafntoguðum rithöfundu nefnd í Morgunblaðinu „súrrealistísk leirsúpa“.

Það átti sem sagt ekki af súrrealismanum að ganga, en engu að síður hafa ýmsir höfundar á seinni hluta síðustu aldar haldið uppi merki hans á einn eða annan hátt, allt frá Thor Vilhjálmssyni, Jóni Óskari og Jóhanni Hjálmarssyni til Sjóns, svo einhverjir séu nefndir. Hinu ber þó ekki að leyndu að ýmsir straumar hafa beint skáldskapnum í aðra átt og burt frá draumaheimi og orðaflæði súrrealismans, ýmist út á hinn pólitíska vettvang dagsins, þar sem gildir að taka afstöðu og „vera skorinorður“ eða inn í skel agaðrar naumhyggju, þar sem gildir að segja alltaf „færri og færri orð“. Og í hinni post-móðernísku fjölhygð þúsaldamótanna verður súrrealisminn vitaskuld að láta sér lynda að vera ein stefna af mörgum án forræðis yfir öðrum í þeirri flóru eða fínu stefna og ó-stefna sem nú leika lausum hala og við hvern sinn finger.




Video list



Fullyrða má að ekkert listform hefur verið eins áhrifamikið og jafn mikið notað og vídeó listin. Ótal margir listamenn nota þetta form sumir með mögnuðum áhrifum en enn fleiri sem sporgöngumenn og verkin verða máttlaus og tilgerðarleg. Oftar en ekki eru sýningar þar sem vídólist er sýnd, er hún í myrkvuðum rýmum en þó hefur undirritaður einnig séð magnaðar sýningar þar sem gríðar mikil birta er notuð og fyrir vikið næstum sjást verkin ekki.





Nettímarit

Troðningur

Menning & List



“This is no game”

ICELANDIC
ART MAGAZINE